

**Nd.**

**987. Nefndarálit**

[260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og fengið á sinn fund Svein Snorrason hrl., formann Lögmannafélagsins, og Þorgeir Örlygsson dósent, annan höfund frumvarpsins.

Laganefnd Lögmannafélagsins er andvíg því að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi og telur að nær sé að semja nýtt frumvarp sem komi til móts við þá þörf að verja rétt *neytenda*, þegar telja má samningsákvæði ósanngjörn vegna efnis samnings, atvika við samningsgerðina eða atvika sem síðar koma til.

Ýmsir lögmenn virðast óttast að sú rúma regla, sem felst í 2. mgr. 6. gr. frv., leiði til réttaróvissu, fjölgunar dómsmála og þess að ekki megi almennt treysta samningum.

Það er skoðun nefndarinnar að þrátt fyrir þessi sjónarmið, sem hér hefur verið lýst, sé eðlilegt að samþykkja frumvarpið í óbreyttu formi, enda er það í samræmi við réttarreglur á Norðurlöndum, annars staðar en í Finnlandi, en flest ákvæði samningalaga eru efnislega mjög lík í norrænum löndum.

Nefndin telur, m.a. með hliðsjón af reynslunni í Danmörku, að dómstólar hljóti að fara varlega í sakirnar þegar þeir dæma á grundvelli ákvæða í 6. gr., einkum ef kröfur byggjast á „atvikum sem síðar koma til“, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, stendur ekki að nefndarálitinu, og telur ekki standa efni til að afgreiða málið á þessu þingi þar sem hann telur málsmeðferð óvandaða.

Kristófer Már Kristinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. apríl 1986.

Páll Pétursson,  
form.

Friðrik Sophusson,  
frsm.

Svavar Gestsson.

Ólafur G. Einarsson.

Jón Baldvin Hannibalsson.